

# Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki gefur út 300 milljón evra almenn skuldabréf

Íslandsbanki hefur í dag gefið út almenn skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra til 3 ára og verður útgáfan gefin út undir European Medium Term Notes útgáfuramma bankans. Skuldabréfin bera 7,375% fasta vexti sem jafngildir 421 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum. Í heild bárust tilboð frá 116 fjárfestum fyrir tæpar 800 milljónir evra sem jafngildir rúmlega tvöfaldri umframeftirspurn.

Samhliða útgáfunni tilkynnti bankinn, þann 9. maí 2023, um endurkaupatilboð til eigenda 300 milljóna evra skuldabréfaútgáfu sem er á gjalddaga 20. nóvember 2023 (ISIN: XS2259867039).

Umsjónaraðilar (e. Joint Lead Managers) útgáfunnar voru Barclays, Citigroup, Goldman Sachs Bank Europe og J.P. Morgan.

## Tengiliðir

Fjárfestatengsl - [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)

## Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaæiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með láns hæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

## Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki gefur út 300 milljón evra almenn skuldabréf](#)